

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga,
nr. 54 11. júlí 1911.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til landsins eftirtaldar vörur, skal af þeim greiða aðflutningsgjald í rikissjóð eins og hér segir:

1. Af allskonar gosdrykkjum	kr. 0.30 af hverjum lítra			
2. Af allskonar öli	— 0.80 — —			
3. a. Af hvítvíni, rauðvíni, freyðivíni og öðrum svipuðum vínnum	— 1.00 — —			
b. Af kínavíni, madeira, malaga, portvíni, sherry, tokajervíni, vermouth og öðrum svipuðum vintegundum	— 2.00 — —			
4. a. Af vökvum, sem í er vínandi (aethylalkóhól) og aðfluttir eru til eldsneytis og iðnaðar og gerðir ódrykkjarhæfir undir umsjón yfirvalds	— 2.00 — —			
b. Af ilmvoðnum og hárlýfjum, sem vínandi er í	— 4.00 — —			
c. Af öðrum áfengum drykkjum og vökvum en þeim, sem falla undir 3., 4. a. og b. og 5. tölulið þessarar greinar, með 47% vínanda að rúmmáli eða minna	— 3.00 — —			
— 47%—71% vínanda að rúmmáli	— 4.00 — —			
— 71% eða meiri hundraðshluta af vínanda	— 5.00 — —			
5. Af áfengum kjörnum, aldinsafa, aldinsöftum, límonaðisöftum, lituðu sykurvatni með kjörnum, óáfengum vínnum og öðrum slíkum drykkjum og vökvum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum	— 1.50 — —			
Undanþegin þessum tolli er berjakvoða (pulp), sem flutt er til landsins til sultugerðar.				
Ef vörutegundir þær, sem taldar eru í 1.—5. tölulið hér að framan, eru innfluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $\frac{3}{4}$ lítra sem af lítra í stærri ílátum.				
6. a. Af óunnum tóbaksblöðum	— 4.00 —	hverju kg.		
b. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munn-tóbaki og reyktóbaki	— 6.40 — —			
7. a. Af tóbaksvindlum	— 16.00 — —			
b. Af tóbaksvindlingum	— 20.80 — —			
8. a. Af óbrenndu kaffi allskonar	— 0.60 — —			
b. Af brenndu kaffi allskonar	— 0.80 — —			

9. Af kaffibæti, kaffilíki hverskonar og kaffilíkis-blöndum	kr. 1.60	af hverju kg.				37
10. Af sykri og sírópi	— 0.15	—	—	—		13. júní
11. Af tei	— 1.50	—	—	—		
12. a. Af kakaódufti og kakaómalti	— 0.50	—	—	—		
b. Af kakaóbaunum, brenndum, muldum og ómuldum	— 0.50	—	—	—		
c. Af kakaóbaunum, óbrenndum og ómuldum	— 0.35	—	—	—		
13. Af allskonar sætindum, svo sem hrjóstsykri, karamellum, lakkrísi og lakkrísvörum, mótuðu sætu marsipani, sykrudum ávöxtum, sætum brenndum möndlum, tyggigúmmí, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennusúkkulaði, kokosbollum, „negrakossum“ og rjómalengjum, súkkulaðihúðuðu munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsipan-súkkulaði, nógatsúkkulaði og konfekti), ávaxta-súkkulaði, hnotsúkkulaði, möndlusúkkulaði, rjóma-súkkulaðihúð og mjólkursúkkulaðihúð	— 3.00	—	—	—		
14. a. Af öllum tegundum af hreinu súkkulaði (t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaði-húð) öðrum en þeim, sem falla undir 13. tölulið	— 1.50	—	—	—		
b. Af kakaódeigi	— 1.00	—	—	—		

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framan-greindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Til ársloka 1938 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta með 25% viðauka aðflutningsgjald það, sem ákveðið er í 1. gr. laga þessara. Undanþegin viðaukanum eru þó sykur, síróp, brennt og óbrennt kaffi, kaffibætir og öl.

3. gr.

Lög nr. 12 3. júní 1933, lög nr. 73 28. des. 1934 og lög nr. 126 31. des. 1935 eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.